

102. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, fimmtudaginn 17. febrúar 2022 og hófst hann kl. 18:00.

Fundinn sátu:

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Ingbór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, María Ragnarsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Nefndarmennirnir Guðmundur Claxton og Helga Kristín Björgólfsdóttir taka þátt í fundinum í fjarfundir og samþykkja fundargerðina í lok fundar með rafrænum hætti. Sigrún Ágústa Helgudóttir þjónustufulltrúi situr einnig fundinn.

Fyrir tekið:

1. 2202101 - Viðburðir 2022

Ákveðið að standa fyrir Vetrarhátíð dagana 17. til og með 20. mars næstkomandi. Stofnanir Akraneskaupstaðar og fyrirtæki verði virkjuð til sjálfprottinnar þátttöku og glæða bæjarbraginn lífi.

Frekari framvinda um skipulagningu viðburða á árinu verður til umfjöllunar á næstu fundum nefndarinnar.

2. 2102138 - 80 ára afmælisnefnd Akraneskaupstaðar

Frekari vinna og skipulagning verður unnin á aukafundi afmælisnefndarinnar sem verður fimmtudaginn 3. mars næstkomandi kl. 18:00.

3. 2202102 - Hinsegin Vesturland 2022

Menningar- og safnanefnd fagnar frumkvæði samtakanna Hinsegin Vesturland á síðasta ári og mun mælast til að stofnanir bæjarins og fyrirtæki á Akranesi taki þátt í viðburði samtakanna á komandi sumri með sýnilegum hætti.

Næsti reglulegir fundur menningar- og safnarnefndar verður fimmtudaginn 10. mars kl. 18:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:10.